



Reykjavík, 21. ágúst 2024
MSS24080078

TILLAGA

Fundur íbúaráðs Breiðholts 21. ágúst 2024: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um samþættingu vetrarþjónustu hjólastíga við Kópavogsbæ

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að skoða möguleika á að samþætta forgangsröðun vetrarþjónustu við Kópavogsbæ á stofnstígum hjóleiða í samtali við hagaðila eins og Landsamtök hjóleiðamanna. Lagt er til að samþætting verði aðallega skoðuð við undirgöng yfir í Kópavog við Álfabakka og hjóla- og göngubrú yfir Reykjanesbraut fram hjá Stjörnugróf, Rósagarðinum og niður í Fossvogsdal og stígatengingu úr Kópavogi, þríhyrnd skörun stíganna samhliða sveitarfélagamörkunum inn á stofnbraut hjólastígs við Suður Mjódd hjá Garðheimum.

Greinargerð:

Til að þjónusta betur fjölbreyttan hóp hjóleiðafólks er hjólar allan ársins hring vill íbúaráðið leggja til að skoðað verði samþætting við vetrarþjónustu Kópavogsbæjar í fyrsta forgangi tengt stofnstígum hjóleiða. Um sístækkandi hóp er að ræða og brýnt að leita leiða til að þjónusta hópinn sem best þannig að skörun milli sveitafélaga verði sem minnst. Þegar vefsjár sveitarfélaganna eru rýndar sést að forgangshreinsun milli sveitarfélaganna eru ekki samræmdar eins og við og í gegnum undirgöngin við Álfabakka og yfir hjóla- og göngubrúna yfir Reykjanesbraut.

Um er að ræða mikilvæga samgönguæð gangandi og hjólandi yfir í fjölmennustu skiptistöð höfuðborgarsvæðisins, Mjódd. Brýnt er að mokstur sveitarfélaganna í og við undirgöngin séu samræmd, þau verði í sama forgangi og þess verði gætt að tækin, sem ryðja götuna hlaði ekki upp snjó sitthvoru megin við göngin þannig að undirgöngin sjálf fyllist af snjó og hamli för. Samgöngubrúin yfir Reykjanesbraut er mikið notuð og sparar ferðatíma hjá samgönguhjólaafólki sem núna þarf að hjóla niður í Elliðaárdal til að komst inn á stofnstíg hjólastígsins í Fossvogi í vetrartíð. Vill ráðið að bætt verði við forgangsmokstur niður Elliðaárdalinn við Kanínubrekkuna yfir samgöngubrúna líka og þeim legg verði bætt við að þeim stað þar sem Kópavogur tekur við en sá leggur nær fram hjá Stjörnugróf, Rósagarðinum og að stofnstíg hjóleiða í Fossvogi sem tengist bak við Tennisvellina.

Hægt er að skoða hitasjá Strava sem sýnir mikla umferð um þessa leið stígakerfis milli tveggja sveitafélaga og brýnt að samhæfa vetrarþjónustu og vorþrif á þessari leið. Telur ráðið brýnt að flýta þessari vinnu í ljósi þess að vetur nálgast og útboð tengt þjónustunni.



Reykjavík